

Fimmtudaginn 18. nóvember 1971.

Nr. 75/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Hálfadáni Birni Guðmundssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Nytjastuldur. Bifhjól. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sigmundur Böðvarsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að ákærði sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hálfadáni Björn Guðmundsson, sæti varðhaldi 15 daga. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 12. maí 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins hinn 27. október 1970, á hendur Hálfadáni Birni Guðmundssyni sjómanni,

Miðstræti 28, Vestmannaeyjum, fyrir að hafa aðfaranótt föstudagsins 7. ágúst 1970 heimildarlaust tekið bifhjólið V 83 við Skólaveg 33 í Vestmannaeyjum og stýrt því niður Skólaveg og þá um leið reynt að gangsetja vél þess í því skyni að aka hjólinu. Þegar lögreglumenn handtóku ákærða, var hann kominn aftur á hjólið að Skólavegi 33.

Í ákæru er þetta talið varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956 og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Er þess krafist í ákæru, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Hálfðán Björn Guðmundsson, er fæddur 4. ágúst 1948 í Reykjavík og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1966 2/3 í Reykjavík: Áminning fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.

1966 25/10 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 25. október 1966.

1968 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 18. marz 1968.

1968 28/3 í Reykjavík: Dómur: 5.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 8 mánuði frá 24. september 1967.

1968 15/11 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 7. ágúst 1970, kl. 0115, kom vitnið Auðberg Óli Valtýsson í lögreglustöðina og tilkynnti, að hann hefði tekið vélhjól af drukknum manni efst á Skólavegi í Vestmannaeyjum. Lögreglumenn fóru á vettvang ásamt nefndu vitni, og er þeir komu að húsinu nr. 33 við Skólaveg, stóð maður hjá vélhjólinu V 83, og kvað vitnið mann þennan hinn sama og þann, er á hjólinu hafði verið. Lögreglumenn handtóku mann þennan, er var drukkinn, og færðu hann, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, í lögreglustöðina, þar sem Páll Helgason læknir tók blóðsýnishorn úr honum kl. 0230.

Ákærði kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja sama dag og atburður þessi varð, og kvaðst hann þá, er hann gekk heimleiðis,

hafa tekið vélhjól, sem stóð við Skólaveg 33 og látið það renna niður Skólavegin. Eigi kvaðst ákærði minnst þess að hafa reynt að setja vél hjólsins í gang, en hann hafi fundið til áfengisáhrifa, er hann var að fást við vélhjólið, enda talsvert ölvaður. Eigi kvaðst hann vita, hver væri eigandi vélhjólsins, en hann kvaðst eigi hafa ætlað að slá eign sinni á hjólið. Síðar í þessu sama réttarhaldi tók ákærði fram, að það væri ágizkun sín, að hann hafi ætlað að láta hjólið renna niður Skólavegin, og kvaðst hann lítt muna eftir atburðinum.

Ákærði kom aftur fyrir sakadóm hinn 2. október 1970, og kvaðst hann þá hafa verið drukinn, er hann tók vélhjólið V 83 í heimildarleysi á Skólaveginum. Kvaðst ákærði nú hafa sett á vélhjólið, reynt að setja vél þess í gang, en ekki tekizt. Eigi kvaðst ákærði hafa ekið hjólinu, en það hafi verið ætlun hans að aka því.

Mál þetta var dómtekið hinn 17. marz 1971, en vörn skipaðs verjanda var þá lögð fram í málinu. Málið var síðan endurupptekið hinn 21. apríl s.l. með heimild í 2. mgr. 125. gr. laga nr. 82/1961, og kom þá fyrir dóm vitnið Auðberg Óli Valtýsson leigubísfreiðarstjóri, Strembugötu 10, Vestmannaeyjum, 26 ára að aldri. Bar vitnið, að það hafi komið að manni á móts við húsið nr. 33 við Skólaveg, þar sem hann lét sig renna á hjólinu eftir gangstéttinni austan megin götunnar. Vél hjólsins var ekki í gangi. Maður þessi var greinilega ofurölvi, og færði vitnið manninn af hjólinu og lagði það upp að húsinu nr. 31 við Skólaveg. Kvaðst vitnið síðan hafa farið samstundis í lögreglustöðina og tilkynnt um atvik þetta og farið síðan með lögreglumönnum að leita mannsins, og komu þeir að sama manni og vitnið hafði tekið hjólið af, þar sem hann var staddur á Skólaveginum nálægt þeim stað, er vitnið hafði fyrst komið að honum.

Blóðsýnishorn það, er tekið var af ákærða í umrætt sinn, var sent til alkóhólákvörðunar, og fundust í því reducerandi efni samsvarandi 2.63% af alkóhóli.

Samkvæmt framansögðu má telja sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um brot þau, er í ákæru greinir og þar eru rétt færð til lagaákvæða, og unnið til refsingar samkvæmt þar greindum lagaákvæðum, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja, en bráðabirgðaökuleyfissvipting frá 2. október 1970 felld úr gildi.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hálf dán Björn Guðmundsson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. nóvember 1971.

Nr. 117/1971. **Sigurður Guðmundsson**

(Jón Hjaltason hr.)

gegn

Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f

(Jóhann Gunnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnusamningur. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. ágúst 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. júlí s. á. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt til að greiða sér kr. 54.678.11 með 8% ársvöxtum frá 16. nóvember 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Einar Sigurðsson, sem var framkvæmdastjóri og formaður stjórnar stefnda, sagði áfrýjanda upp störfum. Samkvæmt gögnum málsins er ekki